

Akranesi, 7. mars 2016

VIÐTAKANDI: Bæjarstjórn Akraness

SENDANDI: Betra Akranes – íbúasamtök um betri byggð á Akranesi

Betra Akranes fagnar nýgerðum samningi bæjarstjórnar við ASK arkitekta um deiliskipulagningu Sementsreitsins, sem og þeim metnaði og framtíðarsýn sem ljós eru í áformum um uppbyggingu í miðbænum.

Að sama skapi lýsa samtökin yfir furðu sinni á þeirri ákvörðun bæjaryfirvalda að leggja samtímis fram breytt deiliskipulag á Breið, aðeins spólkorn frá Sementsreitnum.

Verði sú tillaga samþykkt mun HB Grandi reisa þar nýja og stærri lyktarmengandi hausapurrkunarverksmiðju í stað þeirrar eldri, Laugafisks, sem hefur verið umkvörtunarefni bæjarbúa í hartnær fimmtán ár vegna lyktarmengunar. Vitað er að engin tækni ræður við að gera slíka starfsemi lyktarlausa. Það staðfesta óháðar matsskýrslur sem bæði Akranesbær og HB Grandi hafa látið vinna fyrir sig. Gangi áætlanir HB Granda eftir mun þessi verksmiðja verða með þeim afkastamestu sinnar tegundar á Íslandi, með möguleika á enn meiri stækkun.

Betra Akranes skorar því á bæjarstjórn að ganga nú þegar til samninga við HB Granda að leita lausna um annað staðarval fyrir verksmiðjuna, innan bæjarfélagsins en fjarri íbúabyggð. Hafin er undirskriftarsöfnun á vefnum betraakranes.org þar sem bæjarbúar eru hvattir til að lýsa stuðningi sínum við þá áskorun samtakanna.

Aðstandendur Betra Akraness lýsa yfir áhyggjum sínum af framtíð bæjarins ef hausapurrkunin fær að starfa áfram í næsta nágrenni íbúabyggðar. Nær væri að leita lausnar sem allir íbúar bæjarins gætu verið sáttir við.

Samhljóða bréf hefur verið sent á helstu fjölmiðla.